

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 2. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 27. september 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Edda Kjartansdóttir, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Arnar Björnsson, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Sigríður Einarsdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Margrét Eva Backman, Guðmundur Daníel Erlendsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Starfsáætlun 2017-2018

Starfsáætlun var send út til skólaráðsfulltrúa fyrir nokkrum dögum. Engar athugasemdir hafa borist og starfsáætlunin afgreidd án athugasemda.

### 2. Samskiptaáætlun heimila og skóla

Lögð fram drög að samskiptaáætlun heimila og skóla og settar inn nokkrar athugasemdir og ábendingar sem fram komu á fundinum. Drögin munu fara til umfjöllunar hjá kennurum á næstunni.

### 3. Húsnæðismál og fjöldaspár

Foreldrafélag skólans sendi menntasviði bæjarins og bæjarfulltrúum fyrirspurn fyrir skömmu varðandi útlit fyrir nemendafjölda á næstu árum og fleira. Svar hefur borist en farið er fram á frekari svör. Á fundinum var farið yfir hvernig fjöldatölur gætu hugsanlega litið út á næstu árum miðað við fyrirsjáanlega fjölgun íbúða í hverfinu. Nú er fyrirséð að fjölga mun um 140 íbúðir í skólahverfinu á næstu árum, þar af verður stærsti hlutinn tekinn í notkun á næsta ári. Fulltrúar foreldra og skólastjóri munu hitta fulltrúa menntasviðs fyrir næsta skólaráðsfund og fá þar nánari upplýsingar sem skoðaðar verða á næsta fundi.

### 4. Önnur mál

- Facebooksíða fyrir skólann. Umræður um hvort skólinn skuli stofna Facebooksíðu eða taka yfir síðu Foreldrafélagsins. Verður skoðað í samhengi við endurskoðun á heimasíðumálum skólans sem stendur yfir.
- Athugasemd frá nemendaráði. Ábending um að betri aðstöðu vanti fyrir nemendur í Vallakór í frímínútum. Skoðum og tökum aftur upp á næsta fundi.
- Öryggismyndavélar á skólalóð. Umræður um þörf á eftirlitsmyndavélum á skólalóðina í Baugakór. Skólastjóri mun kanna kostnað.
- Vespuakstur. Umræður um glæfraakstur nemenda á vespum og viðbrögð í því máli, m.a. hvort nemendaráð geti beitt sér.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 19. október kl. 16:00 en verður boðaður með tölvupósti með viku fyrirvara.